

# Skýrsla og áritun borgarstjóra og borgarráðs

Óendurskoðaður árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til júní 2019 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A-hluta voru rekstrartekjur 62.381 mkr á tímabilinu, en þar af námu skatttekjur 49.653 mkr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52%, sem er lögbundið hámark. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,18% í A-flokk, 1,32% í B-flokk og 1,65% í C-flokk. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokk, 1,32% í B-flokk og 1,65% í C-flokk. Rekstrartekjur A- og B-hluta námu samtals 92.767 mkr á tímabilinu.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1.653 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 2.318 mkr á tímabilinu. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var jákvæð um 7.745 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 6.568 mkr á tímabilinu. Lakari afkoma A- hluta skýrist einkum af lægri tekjum af sölu byggingarréttar, lægri skatttekjum og hærri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga en áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma A- og B-hluta er betri en áætlun gerði ráð fyrir, sem er m.a. vegna hærri matsbreytinga fjárfestingaígna hjá Félagsbústöðum hf.

Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok samtals 672.629 mkr og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 343.002 mkr. Eigið fé nam 329.626 mkr, en þar af nam hlutdeild minnihluta 17.542 mkr.

Þann 1. desember 2018 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg 128.724.

Samkvæmt bestu vitneskju borgarstjóra og borgarráðs er árshlutareikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðunnar í heild, og að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs komi fram þær upplýsingar sem krafist er.


Borgarstjóri og borgarráð staðfesta hér með árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar til júní 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2019.

Borgarstjóri



Borgarráð



Dóra Björk Guðjónsdóttir  
Vælgjafar Sig



Marta Guðjónsdóttir